Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl leiktjaldasjóðs 1866-1920

Aðfnr. 2244

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

R/25.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn i Reykjavík R/26 11/6. 1920

# Afhent leiktjöld, búningar og fl. til iðnaðarmannafjelags Reykjavíkur

frá bæjarstjórn Reykjavíkur.

## 10 November 1898

1 Klæðaskápur tvísettur rauðmálaður.
1 Brynja Hjördýsar með kjól.
1 Stakkur Örnólfs.
20 Sloppar úr víkingunum.
1 Hernakjóll.
1 Kápa Dagnýjar úr víkingunum.
2 Flonels skikkjur.
1 Silki skikkja.
Föt drengs Gunnars Hersis.
6 Buxur.
Skikkja Sverris konungs.
11 Dömukjólar.
15 Blúsur.
2 Klæðis treiur.
6 Frakkar með Holbergs sniði.
1 Skikkja.
10 Ermar.
7 Holbergs buxur.
4 — " — vesti.
1 Slau.
1 Munkakápa.
Buxur og trefill Gvendar smala.
1 Buxur og slau.
2 Selskinnsskór.
1 Stundaglas.
1 Flonelspeysa.
1 Húfa.
2 Biskupshöklar.
1 Gluggatjöld.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 Borðdúkur.
3 Orfar Brynsdýsar í hulstri.
1 Buxur úr Holberg.
1 Frakki „ — „ —.
2 Vesti „ — „ —.
2 Hvítar buxur.
1 Tójhetta.
1 Kvennpeysa.
1 Trefill.
1 Sirz kjóll.
1 Ulpa.
2 Munkakápur.
1 Peysugarmur prjónaður.
1 Hárkolla með skeggi.
2 Hárkollur.
1 Skegg.
2 Saffiansskór.
31 Húfa og hattar.
10 Skyldir.
1 Lögregluþjóns hattur.
Hjálmur Hjördýsar.
18 Hjálmar.
Brynja og hosur Örnólfs.
1 Biskupsstafur.
1 Trjeskór.
18 Sverð í slíðrum.
4 Axir (þar í atgeir).
11 Spjótsoddar með sköftum.
2 Spjót.
6 Handhringir.
2 Blysstatir.
1 Bekkur og klettur.
1 Kaport.
2 Álfakástar.
Kalissa til að sýna sjó í bylgjum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

66 Kolissuflekar af ýmsum stærðum.
Skip Örnólfs.
20 Baktjöld smærri og stærri á rúllum.
2 Rúllur til að sýna snjókomu.
1 Valnastakkur.
1 Brynja úr blikplötum.
2 Upphlutir.
1 Hattur með brúðarslöri.
1 Kvennkjóll.
4 Peysur.
Hetta Galdrahjeðins.
3 Gluggatjöld.
1 Klæðisjakki.
1 Buxur úr striga.
1 Buxur.
1 Slipsi.
7 Kalleknúss.
5 Skotthúfur.
1 Svunta.
Húfa Galdrahjeðins.
2 Skyrtur.
1 Upphlutur.
3 Vesti.
1 Slör (grænt).
Húfa Þórólfs.
Húfa Egils.
2 Biskupshúfur.
4 Stakkabelti.
6 Ólarbelti.

Ofan og framanskrifuða muni höfum við sem stjórn iðnaðarmanna fjelagsins í Reykjavík tekið á móti, og kvittast því fyrir afhending þeirra.

Reykjavík 19. Nóvember 1898.

Magnús Benjamínsson Andrjes Bjarnason Þorv. Þorvarðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn i Reykjavík | R/25 | 11/6. 1920.

# Leigusamningur

milli

húsnefndar Iðnaðarmannahússins í Reykjavík

og

stjórnar Leikfélags Reykjavíkur veturinn 1903-1904.

Vér undirritaðir stjórnendur Iðnaðarmannahússins í Reykjavík leigjum hérmeð Iðnaðarmannahúsið til sjónleika og aðgöngumiðasölu frá 31. okt. þ. á. til 30. april 1904 að báðum dögum meðtöldum með þeim kjörum og skilyrðum er hér segir:

1. Það sem leigt er er: allt húsið niðri, að undanskildu herbergi því er söngfélögin hafa í útnorðurhorni hússins; sömuleiðis fylgja með í leigunni herbergin undir leiksviðinu.
2. Það sem húsinu fylgir er öll leiktjöld og áhöld sem húsið á, og sem notuð verða til sjónleika, ásamt borðum, bekkjum og fortepiano því er húsið á; ennfremur hefur leikfélagið leyfi til að nota við leiki sína öll leiktjöld leiktjaldasjóðsins, en hlýta verður leikfélagið þeim skilyrðum sem sett voru við afhendingu þeirra.
3. Eptir að leikir eru byrjaðir hefur leikfélag Reykjavíkur fulla heimild til að nota húsið á tímabilinu, hvort heldur það vill til æfinga eða leika, öll kvöld vikunnar nema fimmtudagskvöld, og sé húsið eigi notað á fimmtudögum má það einnig nota húsið það kvöld. Hita og ljós á leiksviðinu annast leikfélagið sjálft um á sinn kostnað á öllum æfinga- og leikkvöldum.
4. Á leigutímabilinu skal leikfélagið leika minnst 30 - þrjátíu kvöld - og borga 25 - tuttugu og fimm - krónur fyrir hvert kvöld þegar leikið er. Á leikkvöldum skal salurinn vera alskipaður bekkjum og nægilega upplýstur og yfir höfuð allt sem að húsinu lýtur í nægilega leigufæru standi hálfum klukkutíma áður en leikir byrja. Auk þeirra 25 króna sem áður eru nefndar í þessari grein, borgar leikfélagið 5 krónur á mánuði frá 1. nóvbr. þ. á. til 30. april 1904 fyrir herbergið innar af ganginum er hússtjórnarskólinn hafði áður. Allt annað sem nefnt er í þessari grein, sem og áhöld þau er nefnd eru í 2. grein þessa samnings er innifalið í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessum 25 kr. sem áður eru nefndar; þó ber leikfélaginu að annast um ílagningu, kveiking á leiksviðinu og í búninga herbergjunum.

5. Leikfélagið skuldbindur sig til að borga fullar skaðabætur fyrir hvað eina er skemmast kann af munum hússins að undanskildu því eðlilega sliti, sem orsakast af brúkun á hverskonar hlut sem er. Komi nefndirnar sér ekki saman í þessu atriði skal það borgað eptir mati tveggja óvilhallra manna sem kosnir skulu af leikfélaginu og eigendum Iðnaðarmannahússins.

6. Leikfélagið má leika hvaða kvöld vikunnar sem er, á hinu ofangreinda tímabili að undanskildum fimmtudagskvöldum. Á tímabilinu má aldrei leigja eða ljá húsið öðrum, hvorki félögum nje einstökum mönnum, til sjónleika eða annara skemtana, sem sjónleikir eru innifaldir í. Húsnefndin hefur heimild til að ljá stúdentafélaginu húsið á tímabilinu, til að halda fyrirlestra sína í, þó aðeins á sunnudögum, kl. 5–6 síðdegis.

7. Heimilt skal leikstjóra að ákveða æfingar á hverjum tíma dags sem er í húsinu alla daga vikunnar nema fimtudaga. Einnig skal hann hafa frjálsan aðgang að húsinu með svo marga menn (snikkara, málara o. s. frv.) sem þörf gerist fyrir leikfjelagið og skal hann því fá lykil að húsinu, sem hann heldur til loka leigutímans; þó má þetta eigi koma í bága við önnur afnot hússins. Sömuleiðis skal leikstjóri fá lykil að þeim herbergjum sem ætluð eru til búninga og til að búa sig í, og má aldrei leigja þau öðrum til afnota þó húsið sje leigt til annara skemtana.

8. Aðgöngumiðasala skal vera í húsinu þann dag sem leika á og næsta dag á undan ef leikstjóri álítur þess þörf. Ber að velja til þess eitthvert hentugt herbergi sem hægt er að hita, en hita skal leikfélagið sjálft leggja til; fyrir þau afnot hússins borgast engin húsaleiga.

9. Húsaleiguna skal leikfélagið borga í fyrsta sinn eptir fyrstu fimm kvöldin, sem leikið er, en úr því eptir hvert einstakt kvöld.

10. Forgangsrétt fyrir öðrum að húsinu hefur Leikfélagið, ef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það vill halda áfram sjónleikjum eptir 30. apríl 1904 og það með sömu kjörum og skilyrðum sem nefnd eru í samningi þessum.

11. Ef hvorugur hlutaðeigandi að samning þessum segir honum slitið eða kemur fram með breytingu á honum fyrir 1. ágúst ár hvert, gildir samningurinn óbreyttur fyrir næsta leikár.

12. Brot á framanskráðum samningi varðar sektum eða skaðabótum eptir atvikum sem húsnefndin og stjórn Leikfélagsins ákveða. Komi þeir sér ekki saman skulu óvilhallir matsmenn ákveða upphæðina. Matsmenn þessir skulu útnefndir af húsnefndinni og stjórn Leikfélagsins, en verði þeir eigi ásáttir skal bæjarfógetinn í Reykjavík útnefna oddamann.

—•—

Vér, undirskrifuð stjórn Leikfélagsins göngum að framanskráðum samningi og lofum og skuldbindum oss til fyrir hönd og í umboði Leikfélags Reykjavíkur að uppfylla hann í öllum greinum. Sömuleiðis skuldbindum vér oss til undirskrifuð húsnefnd fyrir hönd og í umboði eiganda Iðnaðarmannahússins í Reykjavík að uppfylla og halda samning þenna í öllum greinum með fullri ábyrgð fyrir gjörðum vorum. —

Þessu til staðfestu höfum vér báðir málspartar undirritað samning þenna sem ritaður er í tvennu lagi.

Reykjavík, 23. Október 1903.

Í stjórn Leikfélags Reykjavíkur.

Þorv. Þorvarðsson  Kristján Þorgrímsson

Árni Eiríksson

Í húsnefnd Iðnaðarmannahússins í Reykjavík.

Andrés Bjarnason  Magnús Gunnarsson

Magnús Benjamínsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík | R/25 | 11/6. 1920

Vjer undirritaðir stjórnendur leiktaldasjóðsins í Reykjavík, jeg Halldór bæjarfógeti Daníelsson sem formaður bæjarstjórnarinnar og við Kristján Þorgrímsson kaupmaður og Þorvarður Þorvarðarson prentari samkvæmt kjöri leikfjelags Reykjavíkur gjörum hjer með samkvæmt þaraðlútandi heimild í stofnskrá „leiktjaldasjóðsins“ dags. 30. maí 1866, svofellda ráðstöfun og samning um eigur nefnds sjóðs, sem nú skal greina:

1.

Eignir leiktjaldasjóðsins, peningar, veðbrjef, leiktjöld, búningar og önnur leikáhöld ásamt stórum skáp, sem þau eru geymd í, skulu við undirskript samnings þessa afhentar og afsalaðar Iðnaðarmannafjelaginu í Reykjavík til eignar og umráða þó skal fjelaginu óheimilt að farga neinu af leikáhöldunum, nema þau sjeu svo úr sjer gengin, að þau verði ekki lengur notuð.

2.

Hin afsöluðu leikáhöld skulu fylgja leiksviði því, sem nú er stofnað í hinu nýbyggða samkomuhúsi Iðnaðarmannafjelagsins. Öll önnur leikáhöld, sem notuð verða á tjeð. leiksviði er fjelaginu skylt að eignast og láta fylgja leiksviðinu á sama hátt sem hin afhentu leikáhöld,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og má ekki ljá neitt af leikáhöldum þeim, sem leiksviðinu fylgja til afnota annarstaðar. Leggist leiksviðið niður, skal fjelagið, eða hver sem þá verður eigandi iðnaðarmannahússins, skylt til að afhenda öll þau leikáhöld, sem þá fylgja leiksviðinu stjórn leikhjaldasjóðsins, sem ávallt er formaður bæjarstjórnarinnar í Reykjavík með 2 kjörnum mönnum úr flokki þeirra, er síðast hafa leikið sjónleiki hjer í bænum.–

3.

Peningar og veðbrjef leikhjaldasjóðsins, sem afhendist Iðnaðarmannafjelaginu til fullra umráða og afnota eru 1) peningar í Sparisjóði landsbankans, viðskiptabók nr 2280. . . kr. 486.45

3 skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar nr. 25, 26 og 27 á 100 kr. . . „ 300.00

Skal fje þetta samtals kr. 786.45 vera vaxtalaust og óuppsegjanlegt í höndum fjelagsins á meðan ofangreint leiksvið er við lýði og notað samkvæmt tilgangi sínum, og fyrtjeðum skilmálum um viðhald og viðbót nýrra leikáhalda er fullnægt. En leggist leiksviðið niður, svo og ef eigi er fullnægt ákvæðum samnings þessa að öðru leyti, skal fjelagið, eða hver annar eigandi hússins innan af hendi hinn ofangreinda fjárhæð til formanns bæjarstjórnar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir hönd stjórnenda leiktjaldasjóðsins.

4

Til tryggingar fje því, sem Iðnaðarmannafjelagið þannig fær í hendur, svo og því að skuldbindingum samnings þessa sje yfir höfuð fullnægt veðsetur stjórn Iðnaðarmannafjelagsins með undirskrifuðu samþykki sínu undir þennan samning leiktjaldasjóðnum fyrgreint hús sitt í Vonarstræti hjer í bænum með veðrjetti næst eptir þá upphæð, er á hverjum tíma hvíla á því til söfnunarsjóðs Íslands, og má þinglýsa samning þessum á kostnað fjelagsins til fullgildingar veðinu. —

Reykjavík 7. janúar 1898. —

Halldór Daníelsson
Þorv. Þorvarðarson
Kristján Þorgrímsson

Vjer undirritaðir, sem nú höfum á hendi stjórn „Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík", samþykkjum hjermeð framanritaðan samning og skuldbindum fjelagið til að fullnægja honum í öllum greinum

Í stjórn „Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík"

Reykjavík 7. janúar 1898.

Jafnframt og vjer kvittum fyrir framangreindri upphæð.

Magnús Benjamínsson    Andrjes Bjarnason

Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. mar 1866

Meðlimir:
Leikfjelags Reykjavíkur:

Andrjes Bjarnason.
Ólafur Ólafsson.
Einar Pálsson.
Magnús Benjamínsson.
Matthías Matthíasson.
Sigurður Magnússon.
Þorvarður Þorvarðarson.
Borgþór Jósepsson.
Friðfinnur Guðjónsson.
Davíð Hejlmann.
Kristján Þorgrímsson.
Brynjólfur Þorláksson.
Hjálmar Sigurðsson.
Gunnþórun Halldórsdóttir.
Stefanía Guðmundsdóttir.
Sigríður Jónsdóttir.
Þóra Sigurðardóttir.
Jónas Jónasson. –
Árni Eiríksson.

Reykjavík, 17/11. 97.

Borgarstjórinn i Reykjavík R/26 11/6. 1920.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/1

Hjermed leyfi jeg mjer fyrir hönd Idnadarmannafjelagsins, ad fara þess á leit vid ydur herra bæjarfogeti, ad þjer vilduð veita því leiktjaldasjóð bæjarins med öllum leikahöldum med svo adgengilegum kjörum, sem unnt er.

Jeg skal geta þess, ad hús eins og gjafabrjef sjóðsins gjörir ráð fyrir, ad byggt verdi fyrir fje þetta, er nú þegar fullgjört.

Reykjavík 18 jan. 1897

Virdingarfyllst
Magnús Benjamínsson

Borgarstjórinn i Reykjavík R/26 11/6. 1920

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit.

Borgarstjórinn i Reykjavík R/26 11/6 1920

Í umboði leikfélags, sem lék hér sjónarleiki í Reykjavík veturinn 1865 og 1866, gáfum vér nokkrir menn, er vorum þá í leikfélaginu og áttum þá heima í Reykjavík, Reykjavíkurbæ leikáhöld þau, sem félagið átti, og ennfremur 100 rd. í peningum. Þessa gjöf afhentum vér hinum þáverandi oddvita bæjarstjórnar Reykjavíkur með gjafabréfi dags. 30. maí 1866.

Svo sem gjafabréf þetta sýnir, ætluðumst vér til, að stjórnendur og umsjónarmenn þessarar gjafar væri oddviti bæjarstjórnarinnar og tveir menn með honum, sem kosnir væri úr flokki þeirra manna, er leikið höfðu eða leika mundu í Reykjavík, eða væri meðlimir leikfélagsins, og var svo gjört nokkur ár eftir það, er gjöfin var gefin. Þessi nefnd átti að ávaxta sjóðinn og leigja leikáhöldin fyrir ákveðna upphæð og leggja hana við sjóðinn. Þegar nefnd þessi áliti, að sjóður þessi væri orðinn nógu mikill til þess að byggja fyrir hann leiksviðshús, þar sem leikáhöldin gæti geymst æfinlega, átti hún að sjá um, að það yrði gjört, ef tækifæri byðist. Þessi var aðaltilgangur vor með gjöfinni. Leiksviðshús þetta átti að reisa í sambandi við almennt samkomuhús, sem annaðhvort bæjarstjórnin eða einhverir bæarmenn í félagi kynni að vilja reisa. Vér höfðum alls ekki í huga bæarstjórnina fremur en hvert annað félag bæarmanna, sem kynni að vilja koma upp þessu húsi. Við bæarstjórnina eða slíkt félag átti nefnd sú, er áður er nefnd, að semja um bygginguu leiksviðshúss þessa. En vér ætluðumst alls eigi til, að bæarstjórnin í heild sinni hefði nokkur umráð yfir þessari gjöf fyr eða síðar, og eg get ekki séð, að orð gjafabréfsins gefi nokkra heimild til þess.

Eg er nú einn eftirlifandi þeirra manna, sem skrifuðu undir áðurnefnt gjafabréf, og er mér annt um, að gjöf vor nái tilgangi sínum. Eg hefi heyrt, að félag nokkurt hér í bænum hefði í hyggju að reisa almennt samkomuhús, og að það hefði farið þess á leit að fá gjöf vora bæði sjóð og leikáhöld til þess að verja henni einmitt til þess, sem vér ætluðumst til. Mér mundi þykja gjöfinni vel varið og samkvæmt tilgangi vorum, ef félag þetta fengi í hendur gjöfina, þó með því skilyrði, að henni sé varið einmitt til þess, sem gjafabréfið ákveður, og að sú kvöð liggi á leiksviðshúsinu, að það standi sem óhaggaður geymslustaður leikáhaldanna, hverir svo sem verða eigendur samkomuhússins.

Eg sé á fundargjörðum nefndar þeirrar, er gjafabréfið gjörir ráð fyrir, að engir nefndarmenn úr leikendaflokknum hafa verið kosnir í mörg ár. Verð eg því að álíta svo sem oddviti bæarstjórnarinnar hafi haft einn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umráð yfir gjöfinni, og að bæarfógeti Reykjavíkur hafi tekið við þeim skyldum, sem hann hafði við gjöfina.

Af þessum ástæðum snúi eg mér til yðar, Herra Bæarfógeti, og vil leyfa mér að fara þess á leit við yður, að þér vilduð veita beiðni félags þess, sem nú ætlar að reisa samkomuhús hér í bænum, þó með þeim skilyrðum, sem þér álítið fulltryggjandi til þess, að tilgangi gjafarinnar verði náð.

En skylduð þér mót von minni álíta, að þér séuð ekki einir bærir um að ráða þessu máli til lykta, þá verð eg að krefjast þess samkvæmt beinum orðum gjafabréfsins, að þér hlutist til um, að tveir menn verði kosnir úr flokki þeirra manna, sem leikið hafa sjónarleiki hér í Reykjavík, til þess að vera í nefnd með bæarfógetanum, og tekur þá sú nefnd við allri umsjón og yfirráðum gjafarinnar.

Staddur í Reykjavík 11. Maí 1896

Jón A. Hjaltalín.

Til

Bæarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórnin hefir falið oss undirskrifuðum að
láta uppi álit vort um erindi frá Iðnaðarmannafjelaginu
hjer í bænum, þarsem það fer fram á að fá afhentan
leiktjaldasjóð bæjarins með því sem honum tilheyri,
þegar samkomuhús það er fullgert, sem það hefir í hyggju
að koma upp á þessu ári, og þarsem vera á meðal annars
stórt og haganlegt leiksvið (scena) til afnota fyrir þá,
er kynnu að vilja halda hjer uppi sjónleikjum.

Í stofnskrá leiktjaldasjóðsins, gjafabrjefinu 30. maí
1866, er svo ákveðið um markmið sjóðsins, að honum
eigi að verja á sínum tíma, ef ekki til fullkomins
leikhúss — sem stofnendurnir hafi ekki mikla trú á að
nokkurntíma geti orðið — þá að minnsta kosti til
byggingar scenuhúss (ɔ: húss, þarsem scenan og öll
leikáhöld geti staðið altaf uppsett ár eptir ár) og
hugsuðu stofnendur sjer, að slíkt scenuhús yrði helzt
byggt útúr "almennu og sameiginlegu" samkvæmishúsi
bæjarmanna, er þeir gjörðu ráð fyrir að myndi einhverntíma
verða byggt hjer, og ætti áhorfendaplássið að vera í
þessu almenna samkvæmishúsi.

Það getur nú að áliti voru eigi samrýmst nefndum
tilgangi gjafabrjefsins frá 1866, að láta leiktjaldasjóðinn
og áhöld af hendi við Iðnaðarmannafjelagið fyrir þessa
fyrirhuguðu húsbyggingu þess, öldungis skilyrðislaust.
Það getur nefnilega vel farið svo, að Iðnaðarmannafjelagið
eða síðari eigendur hússins hætti að nota það fyrir leik-
hús eða breyti gjörsamlega ákvörðun hússins ~~og sæi~~ en þá
væri leiktjaldasjóðurinn horfinn og ekkert scenu- eða
leikhús þó til, sem hann hefði komið upp fyrir
beinn. Ef láta á af hendi leiktjaldasjóðinn o. s. frv.
verður því að sjálfsögðu að búa svo um, að slíkt geti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki komið fyrir, og yrði það með því móti, að veðtrygging væri fyrir því, að sá partur hússins, sem á að vera fyrir scenuna, leikáhöldin m. m., með öðrum orðum scenuhúsið, haldi stöðugt þessari ákvörðun sinni, án þess Iðnaðarmannafjelagið eða síðari eigendur hússins eigi með að breyta henni, nema þá því að eins, að þeir skili aptur leiktjaldasjóðnum með vöxtum og vaxtavöxtum (eða svo að hann hafi engu tapað við það að standa um tíma í húsinu) og sömuleiðis leikáhöldunum ásamt viðbótum við þau, sem ~~[illegible]~~ útvegaðar hafa verið til leiksviðsins.

Vilji Iðnaðarmannafjelagið taka við leiktjaldasjóði og áhöldum með þessum skilyrðum, álítum vjer ekkert vera því til fyrirstöðu að láta þau af hendi við það og vjer álítum meira að segja, að þetta fyrirkomulag, ef það geti tekist, væri hið æskilegasta fyrir leiktjaldasjóðinn, því að með þessu móti mætti segja, að hann ~~[illegible]~~ nú ~~að~~ þegar, ~~væri~~ er þetta hús væri uppkomið, væri búinn að ná tilgangi sínum, að eignast sitt eigið scenuhús, þótt ~~það [illegible] geti komið fyrir~~ ráð sje fyrir því gjört, leiktjaldasjóðsins vegna, að nokkur breyting geti orðið á ákvörðun hússins ef til vill.

Skilyrði þau, er vjer samkvæmt framansögðu álítum nauðsynlegt [x] að setja fyrir afhendingu leiktjaldasjóðs og áhalda í hendur Iðnaðarmannafjelagsins, eru þessi:

1. Leiktjaldasjóður og leikáhöld afhendast eigi fyr en scenuhúsið (: sá partur eða armur hins fyrirhugaða húss er þarsem leiksvið, áhaldahús m. m. á að vera) er fullgert, enda sje það af bæjarstjórninni álitið hafa verulega kosti framyfir scenuhús eða leiksvið sem nú er kostur á hjer í bæ og fullnægja yfirhöfuð þörfum bæjarins eða sanngjörnum kröfum til slíks húss.
2. Ef ákvörðun þessa scenuhúss verður nokkurntíma breytt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo ad þar hætti ad vera leiksvid ~~og~~ og leikáhalda-hús eda ef vidhald á húsinu er vanrækt ad mun, getur bæjarstjórnin krafist, ad leiktjaldasjódnum sje skilad aptur med vöxtum og vaxtavöxtum frá því hann var afhentur, svo og leikáhöldum, látin af hendi vid þeim bædi þau, er afhent voru og þau, er sídan hefur verid vid bætt.

3. Til tryggingar því ad sjódnum verdi á sínum tíma skilad aptur med vöxtum og vaxtavöxtum, ef til þess kemur samkvæmt 2. atridi hjer ad framan, skal bæjarstjórninni gefinn 1. vedrjettur í þeim hluta hússins, sem ætladur verdur til leiksvids og áhaldahúss m. m. (ɔ: scenuhúsinu), svo ad bæjarstjórnin geti ef á þarf ad halda selt þann hluta hússins til lúkningar ~~leik~~ skuldinni (leiktjaldasjódnum).

Reykjavík 5. maí 1896

Jón Jensson [illegible] G. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. júní 1920.

R/25

Með brjefi dagsettu 30. maí 1866 gáfu nokkrir borgarar, sem leikið höfðu hjer sjónleiki í Reykjavíkurbæ ýms leikáhöld og 100 ríkisdali til "scenuhúss". Er svo ákveðið í brjefi þessu, að " í forstöðu og umsjónarnefnd gjafar þessarar skuli oddviti bæjarfulltrúanna vera formaður, en með honum sjeu 2 aðrir nefndarmenn kosnir úr flokki þeirra manna, er verið hafa eða verða í fjelagi þeirra, sem leika".

Hefir gjöf þessi verið nefnd "Leiktjaldasjóður" og í stjórn hans voru síðast, er jeg veit til, að hún hafi gjört ráðstöfun viðvíkjandi sjóðnum, bæjarfógeti sem oddviti bæjarstjórnar, Kristján Þorgrímsson kaupmaður og Þorvarður Þorvarðsson prentsmiðjustjóri.

Með því að nauðsynlegt er að stjórn Leiktjaldasjóðsins gjöri nú ráðstöfunxx um eignir hans, en Kristján Þorgrímsson er dáinn, leyfi jeg mjer að biðja Leikfjelag Reykjavíkur tilnefna mann úr sínum flokki til að taka sæti í sjóðstjórninni í stað Kristjáns heitins og vænti sem fyrst að fá tilkynningu um hver tilnefndur verði.

Til

formanns Leikfjelags Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reykningur

fyrir Kálsen Sjóðinn í Reykjavík:

| | | kr | au |
|---|---|---|---|
| 1892 marts | smíðað klæðaskáp og lagt til alt efni 48/00 | " 48 | 00 |
| | als | " 48 | 00 |

Reykjavík 9. maí 1892

Reikningurinn rjettur.
Björn. Bjarnarson.

Þorkell Gíslason

borgað

Þorkell Gíslason

Borgarstjórinn i Reykjavík R/25 11/6 1920

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11/11 76.

Borgarstjórinn i Reykjavík 8/25 11/6 1920.

Með brefi dags. 30. Oct. þ. á. hefur fjelag eitt, sem nefnir sig "hið íslenzka Studentafjelag" skorað á mig, sem þann er hefði umsjón yfir eigum hins svonefnda "Sennusjóðs" að afhenda téðu fjelagi allar eigur Conditorsfjelagsins eður Sennusjóðsins; tjöld, búninga, peninga og hvað annað, er því kynni til að heyra, þareð allflestir af stofnendum þess, hafi afsalað fjelagi þessu hið umrædda. Það er opinbert, að stofnendur þessa Conditorsfjelags, gáfu Reykjavíkurbæ áminsta muni, með gjafabrefi og skilmálum, og er original gjafabrefið að sögn týnt, en afskrift af uppkastinu til þess, er heft aptanvið fundabók fjelagsins, sem hjermeð fylgir, og ennfremur gjafabref undirskrifað af 5 hinum upprunalegu gefendum, sem einnig fylgir hjermeð, sem er dagsett 30. Mai 1866, en 3 af þeim 5 eru úr sögunni að mestu, en hjá 2 af þeim getur Studentafjelagið naumlega hafa fengið bón sína uppfyllta, með því að þeir hinir sömu hafi tekið aptur gjöf sína, sem er mjög ótrúlegt um jafn heiðvirða menn sem þeir ættu að vera. Til ítarlegra upplýsinga í þessu máli, leyfi jeg mér því að senda hinni heiðruðu Bæarstjórn:

1°.) Fundarbók Conditorsfjelagsins, hvar aptanvið er áður umgetin afskrift af uppkasti til nefndu gjafabrefs, og áhaldalistar.

2°.) Gjafabref undirskrifað af 5 mönnum, með Notarial-áteiknan.

3°.) Skuldabref póstmeistara O. Finsens til Conditorsjóðsins, fyrir 125 Kr. með 4% rentum frá 1. Febr. 1869 til þessa dags.

Bfjer 778 16/11 76.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4°) Skýrslu Póstm. O. Finsen yfir tekjur og útgjöld sama ársins 1869.
5.) Brjef Bæarstjórnarinnar 20. Marts 1873.
6.) Brjef hins íslenzka Studentafjelags, 30. Oct. 1876. og
7.) Brjef St. Egilsonar til mín 2. Nov. 1876.

og leyfi jeg mjer að óska aptur þessara skjala endursendingu við fyrsta tækifæri.

Studentafjelagið er mjer að öllu ókunnugt, einsog flestum ef ekki öllum, nema þeim sem í því eru, og meðlimir þess flestir munu vera hjer einsog farfuglar, sem ekki hafa hjer nema fasta dvöl og geta því ekki veitmark með borgurum bæarins; og þætti mjer mjög ólíklegt að Bæarstjórnin afhenti slíkum eigur bæarins, sem hjer eiga og geta ávaxtast, meðal og þar eiga að vera fast inventarium, til taks, þegar bæarmenn fyndu köllun hjá sjer að leika sjónarleiki. Eins sýnist mjer það án nokkurs efa, að Bæarstjórnin gefi Contirrufjelaginu verulegan gaum, sem formenn Bæarmanna, hverjum þetta er gefið og ennfremur finnst mjer Bæarstjórnin hafa mikla ábyrgð fyrir bæarbúum hvað það snerti að láta þetta afhendi við utanbæarmenn, nema hún léti þá undirgangast alla þá skilmála, sem gjöfin tiltekur, gæti þá setja við og hefði jafnan hönd í bagga með, hvernig skilmálarnir væru haldnir.

Eigur Contirrufjelagsins eru margar og miklar, auk peningahöfuðstóls á góðri rentu, og væri það kynlegt, þegar órækt brjef er í höndum Bæarstjórnarinnar fyrir eigum þessum

Eg

öllum til bæarins, sem bænum kostnaðarlaust geta rentað sig, og umleið verið bæarbúum til skemtunar og fróðleiks, ef bæarstjórnin vildi ekki svo mikið til vinna, að láta einn af bæarstjórunum í nefndina, til að annast muni þessa, og sjá um, að gjöfin með tímanum nái tilgángi sínum. — Studentafjelagið stendur opið fyrir að fá muni þessa lánaða, ef það vill stofna til sjónleikja og sýnist það vera nóg fyrir það fjelag, enn hitt annað því ofvaxið. –

Eg gat ekki dvalið eina stund, eptir að hafa fengið áminst bréf hins íslenzka Studentafjelags, með að tilkynna þetta formönnum þessa rjettu eiganda Coulissusjóðsins; nl: bæarstjórnum (bæarins) Reykjavíkur, og getur mér ekki dottið í hug að afhenda einn eyris virði af munum þess: eður pappírum fyrr enn eg fengi þartil skipun frá Bæarstjórninni.

Studentafjelagið mun hengja hatt sinn á, að Bæarstjórnin 1873 bréflega hafi afsalað sér eður bænum eignarrjetti á þeim, en það var enganveginn svo, heldur segir tjeð bréf, sem hjermeð fylgir, að "með því bæarstjórninni væri með öllu ókunnugt um þetta fjelag (Coulissufjelagið 1873.) og lög þess, gæti hún ekkert átt við mál þetta að svo komnu," hjer er ekkert afsal tilstaðar og stendur því gjöfin óhögguð enn. —

Þeir fyrstu gefendur og stofnendur Coulissufjelagsins gáfu það með vissum skyldum og skilyrðum til bæarins, og enginn sýnist hafa rjett til að ónýta það gjafabréf, eptir hverju bæarstjórnin líka lengi hagaði sér, þarsem oddviti bæarstjórnarinnar hr. H. Sivertsen var í nefndinni til dauðadags; hvarum meðfylgjandi fundarboð fjelagsins ber vitni. Þeir sem síðan vilja kalla sig gefendur og stofn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endur, geta það ekki, því þeir hafa einasta fengið leikáhöldin ljeð, með skilmálum, og eptir þeim eptirlátið leikfjelaginu það sem í þeim skrif-inu hefur tillagt verið. Jeg skil því alls ekki, hverjir rjettir stofn-endur og gefendur hafa getað ánafnað Studentafjelaginu eigur þessar, því margir af þeim fyrstu og rjettu gefendum eru dauðir, sumir af landi farnir og suma hafa þeir ekki aðspurt, og get jeg tilnefnt tvo af þeim, herra póstmeistara O. Finsen, sem þarum aðspurður af mjer, sagðist hvorki hafa verið beðinn um það, enda mundi engan veginn hafa breytt gjöf sinni, og hinn er þorsteinn bróðir minn, hvers svar jeg læt hjermeð fylgja. – Gjöfin til Studentafjelagsins hlýtur því að vera frá þeim, sem ekki eru stofnendur nje gefendur, og getur því á engan hátt tekist til greina, að minni meiningu.

Að svo mæltu fel jeg mál þetta Bæarstjórninni, með þeirri fyrirspurn af minni hendi, hvort jeg eigi að afhenda þessar eigur bæarins Studentafjelaginu, eða ekki, hvarúppá jeg óska svars sem fyrst.

Reykjavík 2. Nóv. 1876.

Lotningarfyllst

[illegible]

Til

Bæarstjórnar Reykjavíkur-kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn i Reykjavík | R/25 | 11/6 1920

Hafnarf. 2. Nov. 76.

Góði Egill!

Þú spyrð, hvort Stúdentafjelagið hafi beðið mig um minn part í Scenusjóðnum; hvort jeg hafi afsalað því honum, og biður um mínar ástæður.

Jeg er nú raunar nokkuð farinn að ryðga í þeim sökum, en jeg man ekki betur, en að Scenusjóðurinn væri ætlaður til þess, að byggja fyrir hann fasta Scenu, þegar slíkur salur væri orðinn til í bænum, sem leyfði það, og hver eigandi leyfði það. Stjórn sjóðsins var, að mig minnir, lögð í hendur bæjarstjórnarinnar í Rvk, eða oddvita hennar.

Eins og aðrir, sem þá gáfu, gaf jeg minn skerf til sjóðsins, og það sem jeg hef gefið, það á jeg ekki lengur, og get því engum framar afsalað það. Jeg gjöri ekki tilkall til að eiga neitt í sjóðnum, en sem gefandi til hans óska jeg, að sá eða þeir, sem samkvæmt Statuter sjóðsins voru kjörnir til að stjórna honum, sjái um, að honum sje varið samkvæmt tilgangi gefendanna. Mjer finnst, að Statuterne, sem samdar voru, hljóti að sýna bezt tilgang gefendanna með stofnun sjóðsins, og mjer finnst, að hvorki jeg, nje hinir aðrir gefendur, hafi ástæðu nje heimild til að leggja nú annað í gjöfina, en sem þá var samþykkt. — Annars hefur enginn með einu orði nefnt við mig að afsala mjer mínum parti eða minni gjöf til Scenusjóðsins. —

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Hið íslenzka stúdentafjelag

Reykjavík 30. Oktober 1876.

Þar eð þjer, herra borgari, hafið umsjón yfir eignum hins svonefnda scenusjóðs, leyfum vjer oss, að skýra yður frá, að samkvæmt tilmælum vorum hafa stofnendur nefnds sjóðs allflestir, sem vjer vitum af, afsalað fjelagi voru öllu, sem hann á til, hvort heldur er í peningum, tjöldum, búningum eða öðru. Fyrir því viljum vjer mega mælast til, að yður mætti þóknast að afhenda oss sem rjettum eigendum áminnsta muni, hið fyrsta að yðar hentugleikar leyfa.

Í þóknanlegu svari yðar óskum vjer að fá að heyra, hvort þjer munduð eigi fáanlegur til, að halda áfram geymslu á áhöldum scenusjóðsins, eins þótt orðinn sje nýr eigandi að þeim, og þá með hvaða kjörum þjer gjörið kost á því.

Björn Jónsson
p. t. formaður

Magnús Andrjesson
(p. t. skrifari)

Borgarstjórinn í Reykjavík | R/25 | 11/6. 1920

Herra
borgari Egill Egilson
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi dags. 17 þ. m. hafið þjer farið þess á leit að bæarstjórnin úr sínum flokki vildi kjósa mann [úr sínum flokki] til þess að ganga í stjórn „Coulissufélagsins 1873" af hálfu Reykjavíkur kaupstaðar.

Sem svar tilkynnist yður, að eptir nokkrar umræður á fundi bæarstjórnarinnar var ákveðið, að með því bæarstjórninni væri með öllu ókunnugt um þetta félag og lög þess, gæti hún ekkert átt við mál þetta að svo komnu.

Bæarstjórn Reykjavíkur 20 Marts 1873.

f. h. b.

A. Thorstensen

Borgarstjórinn i Reykjavík | R/26 | 11/6 1920

Herra
Faktor E. Egilsson
málari Sig. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Herra Faktors E. Egilssonar
og Málara S. Guðmundssonar

Emb. mál. Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

## yfir tekjur og útgjöld leiksviðarsjóðsins í Reykjavík frá 30. Marz 1868 til 31 Jan 1869

| 1869 | Tekjur | | rd | sk |
|---|---|---|---|---|
| I | Eptirstöðvar f. f. ári | | | |
| | a skuldabrjef | 100 rd | | |
| | b í sjóði hjá gjaldkera | 21. 4 | 121 | 4 - |
| II | Tekjur | | | |
| | a leigja frá skólapiltum | 4 rd | | |
| | b do f. bozar og boll | 3. | | |
| | c vextir af 100 rd til 31. Jan | 3 2 | 10 | 2 - |
| | | Rd | 132 | - |

| 1869 | Útgjöld | | rd | sk |
|---|---|---|---|---|
| I | Keypt hjá E. Jónssyni fundarbók | | 1 | 1 |
| II | Eptirstöðvar | | | |
| | a skuldabrjef | 125 | | |
| | b óborgað leiga frá skólapiltum fyrir 1868 | 4 - | | |
| | c í sjóði hjá undirskrifuð | 1 5 | 130 | 5 - |
| | | Rd | 132 | - |

Reykjavík 1. Febrúar 1869

O. Finsen

Borgarstjórinn i Reykjavík R/25 11/6 1920

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður O. P. Finsen játa hérmeð og kannast við að vera orðinn þeim 100 nefnda leiksvæðis- eður Koulissu-sjóð skuldugur um 125 rd skrifa eitt hundrað og tuttugu og fimm ríkisdali sem jeg lofa að borga aptur með tveggja mánaða fyrirvara, auk 4% í rentu af því sem krafist verður.

Reykjavík 1. dag febrúarm. 1869

OFinsen

Borgarstjórinn i Reykjavík | R/25 | 11/6 1920

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn B/25 11/5
í Reykjavík 1920

Allar menntaðar þjóðir þekkja og viðurkenna, að leikir, bæði gleði og sorgarleikir hafi menntandi áhrif á þjóðirnar, um leið og þeir gefa mönnum saklausa skemmtun. — Þessi hugsun er einnig vakandi hér hjá oss, og til þess að gjöra mönnum hér hægra fyrir að geta orðið aðnjótandi þessar skemmtunar, hafa sumir af þeim, sem hafa haldið þessum leikum hér uppi, gefið leikáhöld sín, tjöld, fatnað, vopn og Coulisser til Reykjavíkurbæar þannig, að þeir, sem eptirleiðis léki hér slíka leiki, hefði frjáls afnot þessara muna.

Vér, sem leikið höfum í þetta skipti, erum gagnteknir af hinni sömu hugsun, og þeirri ósk, að leikir þessir mætti eigi falla niður, heldur eflast hér, ef unnt væri, og höfum vér því gefið leikáhöld þau og fatnað, sem vér höfum orðið að láta búa til í þetta skipti til hins sama augnamiðs. En er vér fórum að íhuga, hvernig þessu augmiði mætti bezt framgengt verða sáum vér, að hið fyrsta, sem vantaði og sem mest er nauðsyn á nú sem stendur, er skýli yfir leikáhöldin, þarsem þau gæti verið hreifingarlaus á milli þess að leikið er; eða með öðrum orðum, oss fannst mest þörf á húsi fyrir sjálft leiksviðið með áhöldum þess, þarsem scenan og öll leikáhöldin gæti staðið alltaf uppsett ár eptir ár. Oss kom því til hugar að leggja grundvöll til sjóðs, er slíkt scenuhús yrði síðarmeir byggt fyrir; vér höfum hugsað oss, að þetta gæti skeð með þeim hætti, að þegar bæarmenn hér fengi sér almennt og sameiginlegt samkvæmishús, þá yrði útúr því byggt minna hús, er einungis væri til þess ætlað, að þar stæði leiksviðið sjálft, fyrir peninga þá, er safnazt hefði í þ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjóð. Vér þóttumst ekki þurfa að hugsa einnig fyrir áhorfendaplássi og öðrum herbergjum, sem til leikhúss heyra, því að ef scenuhúsið fengist, þá gæti hinn almenni stóri ball- og samsætissalur í samkvæmishúsinu sjálfu verið áhorfendapláss, þegar leikið væri, og er þetta engin nýlunda, heldur er svo hagað byggingum víða í öðrum löndum, og er svo með Casino í Kaupmannahöfn, sem er hið almenna samkvæmishús íbúa þess bæar.

Með því leikáhöldin og sjóður þessi þannig eru orðin eign bæarins, en þó þannig, að aldrei má verja fé þessu til neins annars en þess, sem vér nú höfum tekið fram, nema þá til fullkomins leikhúss, ef svo mikið fé væri fyrir hendi, finnst oss tilhlýðilegast að fela umsjón leikáhaldanna og scenuhússjóðsins oddvita bæarfulltrúanna hér í bænum sem oddvita og tveim mönnum kosnum úr flokki þeirra manna, sem leikið hafa hér í bænum. En fari svo, að annar eða báðir af hinum síðastnefndu fari burtu héðan úr bænum, skulu þeir eða sá, sem eptir er í nefnd þessari, annast um, að þeir eður sá, sem í nefndina vantar, verði aptur kosnir úr flokki þeirra, sem leikið hafa, svo að ætíð sé full tala nefndarmanna eða jafnan 3 menn í nefndinni.

Nefnd þessari felum vér að annast leikáhöldin milli þess sem leikið er, og að ávaxta fé scenuhússjóðsins, gæta þess, að honum verði varið samkvæmt tilgangi vorum á sínum tíma, og ekki til neins annars, semja við bæarmenn um byggingu hússins o. s. frv., þegar þeim þykir nóg fé vera innkomið í sjóðinn. – Svo skulu og þeir, sem framvegis kunna að leika hér í bænum, sækja leyfi til að nota leikáhöldin til nefndar þessarar, og skal hún ávallt leyfa það með því skilyrði, að þeir sem leika, sem leika ætla, ábyrgist skemmdir á þeim og bæti við þau áhöld, sem til eru þeim áhöldum og fatnaði, sem þeir þurfa nýjum til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kosta, og leggi í hvert skipti nýjan skerf peninga í sjóð scenuhússins, en eigi minni en 50 rd. Við því fé tekur scenuhúsnefndin og ávaxtar það.

Samkvæmt því, sem skrifað er hér að framan, gefum vér undirskrifaðir hérmeð Reykjavíkurbæ leikáhöld (þ. e. fatnað, vopn, tjöld og Coulisser) þau, sem vér höfum orðið að bæta við þau, er áður voru gefin, og látum vér hérmeð fylgja lista yfir hvortveggi. Ennfremur gefum vér hérmeð Reykjavíkurbæ 100 rd. til scenuhúss. — En gjöf þessari fylgja skilyrði þau, er nú skal greina: . . . .

1. Fé þessu, sem vér nú gefum til scenuhússbyggingar á þann hátt, sem tekið er fram hér að framan, má ekki verja til nokkurs annars.
2. Fé þetta skal jafnan vera á vöxtum, og vextirnir leggjast við höfuðstólinn, þar til því verður varið til byggingar scenuhússins.
3. Í forstöðu og umsjónarnefnd gjafar þessarar skal oddviti bæarfulltrúanna vera formaður, en með honum sé 2 aðrir nefndarmenn kosnir úr flokki þeirra manna, er verið hafa eða verða í félagi þeirra, sem leika.
4. Forstöðunefnd þessi skal skyld að leyfa þeim, er leika síðar, að nota leikáhöld þessi, með því skilyrði, að þeir leggi til gjafar þessarar þau leikáhöld, er þeir þurfa nýjum við að bæta, og ennfremur, að þeir leggi skerf nokkurn í scenuhússjóðinn, er eigi sé minni en 50 rd. Ein[...] skulu þeir skyldir að skila öllum leikáhö[...]um apt[...]ð forsvaranlegum umbúðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Forstöðunefnd þessi skal enn fremur skyld á ári hverju að auglýsa á prenti skýrslu um ástand sjóðsins

Reykjavík 30. Maimánaðar 1866.

Th. Stephensen  Sigurður Guðmundsson  H. E. Helgesen.
J. A. Hjaltalín  Lárus Þ. Blöndal

Árni Thorsteinsson
Notarius publicus, landfógeti á Íslandi og bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir vitanlegt: að faktor Þorvaldur Stephensen, málari Sigurður Guðmundsson og Candidatarnir Helgi E. Helgesen, Jón A. Hjaltalín og Lárus Þ. Blöndal, hverja jeg persónulega þekki, í nærveru minni með eigin hendi hafa ritað nöfn sín undir skjal þetta, dagsett 30 Mai þ. á. eptir að hafa staðfest innihald þess, hver fyrir sig og allir sameiginlega.

Í nærveru Notarialvotta A. Árnasonar og J. Borgfirðings.

Til staðfestu er nafn mitt og embættis innsigli.

Notarialskrifstofu Reykjavíkur 30. Mai 1866.

A. Thorsteinson

A. Árnason
J. Borgfirðingur

m þeir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur